


Kópavogsbær

b.t. bæjarráðs

Digranesvegi 1

200 Kópavogur



Efni : Ósk um lóðir og samstarf um uppbyggingu námsmannaíbúða

Samkvæmt rammasamningi ríkis og sveitarfélaga frá júlí 2022, um aukið framboð íbúða á næstu 10 árum, er gert ráð fyrir byggingu um 35 þúsund íbúða á landinu öllu. Ennfremur kemur fram að sérstök áhersla skuli lögð á uppbyggingu hagkvæmra íbúða, eða um 30% uppbyggingarinnar. Námsmannaíbúðir er einn hluti af slíkri áherslu.

Ljóst er að til að samningurinn nái fram að ganga þurfa öll sveitarfélög á landinu að leggja sitt af mörkum og leggja til lóðir til uppbyggingar.

Byggingafélag námsmanna ses. hefur á síðustu árum byggt fjölda íbúða í Reykjavík og Hafnarfirði og hefur nú í rekstri tæplega 900 íbúðir sem leigðar eru út til námsmanna. Byggingafélagið þjónustar nemendur allra skóla á háskóla- og framhaldsskólastigi. Kannanir Byggingafélagsins síðustu ár hafa leitt í ljós aukinn áhuga námsmanna á leiguíbúðum víðar en bara í Reykjavík enda færast stöðugt í vöxt að nemendur stundi fjarnám og sækja sjaldnar tíma í staðarnámi. Krafa um uppbyggingu námsmannaíbúða víða um land er því orðin ríkari.

Með erindi þessu vill Byggingafélag námsmanna lýsa yfir áhuga á uppbyggingu námsmannaíbúða í sveitarfélaginu og óskar eftir samtali um mögulegar lóðir og samstarf við sveitarfélagið um uppbyggingu þeirra. Bygging leiguíbúða fyrir námsmenn er innan almenna íbúðakerfisins og er því gert ráð fyrir stofnframlögum frá ríki og sveitarfélagi.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar um félagið og er tilbúinn til viðtals sem fyrst svo hefja megi undirbúning að uppbyggingu námsmannaíbúða í sveitarfélaginu.

Reykjavík 15.september 2023

Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri

Byggingafélag námsmanna ses.

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

[bodvar@bn.is](mailto:bodvar@bn.is) s. 896-0362



**Framúrskarandi  
fyrirtæki 2020-2023**



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022 - 2025